

96. aðalfundur hestamannafélagsins Fáks

var haldinn miðvikudaginn 9.mars 2016 í félagsheimili Fáks

- 1. Hjörtur Bergstað, formaður Fáks, setti fundinn og minnist eftirfarandi látinna félaga:**
Halldórs Péturssonar, Guðríðar Jónsdóttur, Magneu Jónsdóttur og Haralds Haraldssonar.
- 2. Kosning starfsmanna (fundarstjóri og fundarritari):**
Hjörtur lagði til að Sigurbjörn Magnússona yrði fundarstjóri og var það samþykkt samhljóða.
Sigurbjörn tók þegar til starfa og lagði til að Heiðrún Sigurðardóttir yrði fundarritari og var það einnig samþykkt samhljóða og tók hún stra
x til starfa. Sigurbjörn hafði kynnt sér boðun fundarins og sagði hana í samræmi við samþykktir félagsins og að því sögðu lýsti hann fundinn lögmætan.
- 3. Hjörtur Bergstað, formaður Fáks, flutti skýrslu stjórnar og í máli hans kom m.a. fram eftirfarandi:**
 - a. Í fyrra var byrjað með félagshús fyrir börn og unglings til að stunda sína hestamennsku og ýta þannig undir nýliðun í hestamennsku. Búið væri að taka allt húsið undir börnin og unglingana. Þau fengju aðstöðu sína á kostnaðarverði gegn því að hjálpa til við gegningar, en þannig væri ýtt undir að þau sýndu metnað í sinni hestamennsku. Mikil ásókn væri í félagshúsið en lagt væri til að þessi kjör yrðu boðin áfram næstu tvö árin. Æskulýðsnefndin starfaði af krafti og sinnti frábæru starfi, t.a.m. námskeiðin hjá Önnu Laugu á sunnudagsmorgnum sem mikil ásókn væri í.
 - b. Eldri félagar hittust í Guðmundastofu í hverjum mánuði þar sem hin ýmsu málefni voru rædd. Til að mynda kom Haraldur Þórarinsson, fyrrum formaður LH, og hélt tölu um landsmótin í gegnum árin.
 - c. Helgi Sigurðsson dýralæknir/sagnfræðingur hefði unnið að því að skrifa sögu Fáks en stjórn Fáks mun taka ákvörðun um hvort hún verði gefin út í tengslum við Landsmót 2018 eða 100 ára afmæli félagsins árið 2022.
 - d. Mikil gróska var í útreiðum á Fákksvæðinu. Ómar Jóhannsson útreiðatúra sem auglýstir voru á heimasíðu félagsins.
 - e. Reiðveganefndin stóð sig vel á árinu. Borið var ofan í alla reiðvegi í nærumhverfi félagsins og unnið að undirbúningi að því að trypptahringurinn væri upplýstur með ljósastaurum.
 - f. Kvennadeild Fáks stóð sig vel sem endranær en ný stjórn tók þar við völdum. Kvennakvöldið var haldið nýlega með miklum myndarbrag, sem einkenndist af mikilli gleði og allt fór mjög vel fram.
 - g. Miklu var áorkað á útisvæði Fáks. Gerður var samningur við Reykjavíkurborg í tengslum við Landsmót 2018 en 70 milljónir fóru til viðhalds á svæðinu frá síðasta landsmóti. Í haust var byrjað að bera í Hvammssvöllinn en hlé var gert á þeim framkvæmdum vegna aðstæðna sem mynduðust vegna veðurs.

- h. Traktorinn komst í gagnið en það var mikið hagsmunamál fyrir alla Fáksfélaga að geta riðið út á vel ruddum reiðvegum. Einnig áskotnaðist Fáki sláttuvél sem nýtt verður á svæðinu í sumar.
 - i. Skrifað var undir samning vegna Landsmóts 2018 eftir síðustu áramót en nánar verður fjallað um hann í kynningu Ingibjargar Guðmundsdóttur síðar á fundinum. Landsmót 2018 verður okkar mesti vaxtabroddur sem Fákur mun njóta vel og lengi. Sótt var um Landsmót 2022 á 100 ára afmælisári félagsins en það gekk því miður ekki eftir.
 - j. Formaður minnti á að lausaganga hrossa væri bönnuð á svæðinu og framvegis yrðu hross tekin úr girðingum á svæðinu og hyst í félagshúsinu á kostnað eiganda, en lausnargjald fyrir hvert hross yrði 15.000 kr.
 - k. Í Almannadal eða Eiði Fák eins og best væri að kalla það til að tengja svæðinum betur sambandin voru ýmsar framkvæmdir; planið undir rúllustæður var lagað, skeiðbrautin hækkuð, nýr dómpallur kominn á svæðið og reiðvegir voru lagaðir.
 - l. Í sumar eignaðist Fákur heimsmeistara og marga Íslandsmeistara svo framtíðin væri björt.
 - m. Á hreinsunardeginum síðasta kom bersýnilega í ljós að auðvelt væri að fá fólk til að starfa með okkur. Nauðsynlegt væri að allir ynnu saman á jafnréttisgrundvelli fyrir félagið og hugsi um hestamennskuna með jákvæðum hug. Mikilvægast væri að hafa gaman af hlutunum, hafa brosið og gleðina að leiðarljósi og virða frjálsleikann í hestamennskunni.
- 4. Hrefna Margrét Karlsdóttir gjaldkeri kynnti ársreikning félagsins, fjárhagsáætlun 2016 og ársskýrslu Reiðhallarinnar og lagði fram til afgreiðslu.
- 5. Umræður um skýrslu stjórnar og reikninga félagsins.
 - a. *Ragnheiður Ásta Sigurðardóttir* spurði um, hvað margin starfsmenn á launum hjá Fáki. Hjörtur svaraði því til að Jón Finnur Hansson, framkvæmdastjóri, væri eini maðurinn á fullum launum allt árið en einn annar maður var á launum hálfir árið í fyrra. Einnig væru íhlaupavaktmenn í reiðhöll. Greidd væru verktakalaun til starfsmanns á traktor sem byrjaði í desember 2015.
 - b. *Kristjana Valdimarsdóttir* spurði hvort að félagsheimilið væri í útleigu til sama aðila og sé um salinn í reiðhöllinni og hvort Guðmundarstofa væri leigð út til félagsmanna? Hjörtur svaraði að báðir salirnir, í reiðhöllinni og félagsheimilinu, hefðu verið í útleigu hjá Sigvalda Jóhannessyni síðasta árið. Fákur var með starfsmann í hálfu starfi í félagsheimilinu en ákveðið var að prófa að leigja reksturinn út, en það hefur reynst erfitt að reka það. Stjórnin mun taka ákvörðun um hvernig þetta verður í framhaldinu. Hjörtur sagði að Guðmundarstofa væri almennt ekki til útleigu og væri einungis notuð fyrir félagsstarfið. Hins vegar væri ekki horft mjög strangt á það ef góðir og gildir félagsmenn vilja bóka hana, þar sem hún væri fyrir félagsmenn til að nota.
 - c. *Heiðar Breiðfjörður* spurði hvort viðskiptakröfur yrðu innheimtar. *Berglind Ragnarsdóttir* svaraði því til að hluti af viðskiptakröfum væru félagsgjöld síðan 2012 og eldra og gamlir styrkir sem var tekjufært en voru svo aldrei greidd og voru því

- afskrifuð. Meirihlutinn af þessu hefði því verið innheimt. Hjörtur tók fram í þessu sambandi að núna væru einungis bókuð greidd félagsgjöld.
- d. *Ragnheiður Ásta Sigurðardóttir* spurði hvort fyrirhugaðar væru breytingar á reiðhöllinni. Hjörtur svaraði að: á fundi hjá Reykjavíkurborg hefðu öll húsnæði sem Reykjavíkurborg átti og hafði möguleika að selja verið sett á sölulista, þ.m.t. reiðhöllin. Reykjavíkurborg hefði hins vegar engan áhuga á að selja hana. Spurningin væri fremur sú hvort við hefðum áhuga á að eiga hana? Reiðhöllin yrði aldrei seld nema tímar fyrir Fák væru tryggðir.
 - e. *Ragnheiður Ásta Sigurðardóttir* spurði hvort enn þá væri verið að hugsa um að byggja við rreiðhöllina eins og talað var um í góðærinu. Hjörtur svaraði að þetta væru ekki gleymdar hugmyndir, það væri alltaf verið að tala um þetta og jafnvel hugmyndir um að byggja fleiri reiðhalla, bæði í efri og neðri Fáki. Þá kættu aðrir aðilur að því að byggja þetta og Reykjavíkurborg myndi tryggja okkur tíma þar. Fákur væri ekki að fara að byggja þetta.
 - f. *Sigurbjörn Bárðarson* kom á framfæri þökkum til stjórnar fyrir frábær störf og minnist á hvað það væri ótrúlegt að fólk væri tilbúið að eyða tíma sínum í svona sjálfbóðavinnu.
 - g. Hjörtur vildi koma því á framfæri að að félagsmenn yrðu að tjá sig við stjórnina til að stuðla að framförum í félaginu, því stjórnin væri að vinna fyrir þá. Allir óskir yrðu að berast til stjórnar svo hún gæti hugsanlega ýtt þeim úr vör.
 - h. *Birgir R Gunnarsson* vakti máls á því að nöturlagt væri að sjá hvað Almannadalshverfið hefði verið lengi í byggingu, hús hefðu verið ófrágengin í allt að 10 ár. Hann vildi vita hver staðan væri á þessu? Þá vildi hann vita hvort það væri meiningin að Landsmót 2018 yrði rekið á annarri kennitölu en Fáks? Jón Finnur Hansson svaraði að varðandi Almannadal; að eftir hrunið hefði Reykjavíkurborg gefið það út að ekki yrði gengið eftir 3ja ára reglu um uppbyggingu á þessu svæði. Mörg hús væru ókláruð vegna dómsmála milli eigenda sem kæmu sér ekki saman um uppbyggingu. Hjörtur bætti við að Óskar Bergsson, fasteignasali, ætlaði að kanna hvaða lóðaeigendur í Almannadalnum hefðu ennþá hug á að byggja þar. Það þarf að reyna að koma þessu af stað þar sem hverfið er frábært og aðstaðan góð. Varðandi landsmótið þá væri búið að stofna félag til að reka Landsmótið 2018.

Að loknum umræðum var gengið til atkvæða um ársreikning félagsins og fjárhagsáætlun og var reikningurinn og áætlunin samþykkt samhljóða. Þá var einnig samþykkt samhljóða árreikningur og fjárhagsáætlun vegna reiðhallarinnar.

6. Tillaga að árgjaldi

Stjórn lagði til að árgjald yrði hækkað úr 10.900 kr. 12.000 kr. á ári. Tillagan var samþykkt af með þorra atkvæða en þrí voru á móti.

7. Kosningar:

- a. Formaður Fáks var sjálfkjörinn Hjörtur Bergstað.
- b. Heiðrún Sigurðardóttir var sjálfkjörin ritari Fáks.
- c. Meðstjórnendur.
 - Tveir meðstjórnendur voru sjálfkjörnir til 2ja ára:
Hrefna María Ómarsdóttir og

Maríanna Gunnarsdóttir

d. Endurskoðendur ársreikninga

–Sigurbjörn Bárðarson og Sæþór Fannberg voru sjálfkjörnir til þeirra starfa.

8. Önnur mál.

- a. Ingibjörg Guðmundsdóttir var með með kynningu á Landsmóti sem fyrirhugað Fákur haldi sumarið 2018 og svaraði í framhaldi af því fyrirspurnum fundarmanna.
- b. Heiðar Breiðfjörð gerði að umtalsefni hversu fáir mættu á aðalfundinn og taldi að eitthvað þyrfti að gera í því að virkja félagsmenn betur. Hann vildi einnig koma á framfæri ánægju með traktorinn og hversu vel hefði gengið að ryðja reiðstíga í vetur.
- c. Hjörtur endaði fundinn á að kynna nýja stjórnarmönnum stuttlega og þakka fráfarum stjórnarmönnum fyrir vel unnin störf í þágu félagsins.

Fundarstjóri óskaði eftir heimild fundarins til þess að ganga frá fundargerð með ritara fundarins. Enginn hreyfði andmælum við því. Að því búnu þakkaði fundarstjóri fundarmönnum fyrir góðan fund og sagði fundi slitið.

Heiðrún Sigurðardóttir

Heiðrún Sigurðardóttir, fundarritari

Sigurbjörn Þórðar Magnússon

Sigurbjörn Magnusson, fundarstjóri